

Dómsmálaráðuneyti

Umsögn eingöngu send í gegnum samráðsgátt stjórnvalda¹

11. september 2025

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum varðandi stafræna málsmeðferð hjá sýslumönnum og dómstólum (S-151/2025)

Dómsmálaráðuneytið hefur haft til skoðunar erfðalög, lög um aðför, lög um skipti á dánarbúum o.fl., lög um gjaldprotaskipti o.fl. og lög um nauðungarsölu, með það að markmiði að taka skref í átt að staf- og rafrænum lausnum við meðferð mála hjá sýslumönnum og dómstólum.

Samtök fyrirtækja í fjármálaþjónustu (hér eftir SFF) fagna áformum um að færa málsmeðferð hjá sýslumönnum og dómstólum í aukið rafrænt form og telur nauðsynlegt að lögð verði áhersla á að klára það ferli sem fyrst. Slíkar umbætur auka skilvirkni, lækka kostnað og skila betri þjónustu fyrir notendur.

I. Athugasemdir og ábendingar við frumvarpið

Í frumvarpsdrögunum, nánar tiltekið í greinum 1, 3, 22, 38 og 51, er lagt til að heimilt verði að miðla á rafrænu eða stafrænu formi gagns (t.d. tilkynningu, beiðni eða kröfu) sem á grundvelli viðkomandi laga er afhent eða sent á milli þeirra sem aðkomu eiga að máli, enda leiki ekki vafi á uppruna þess eða frá hverjum það stafar. Jafnframt er lagt til að sýslumaður, og/eða eftir atvikum dómari, geti ákveðið að frumrit gagns verði lagt fram við meðferð máls telji hann það nauðsynlegt, svo sem vegna sönnunarfærslu. Um er að ræða sambærilegar tillögur, til breytinga á lögum um aðför, lögum um nauðungarsölu, erfðalögum, lögum um skipti á dánarbúum og lögum um gjaldprotaskipti. Þess má geta að í 1. tölul. a-lið 1. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála er nú þegar að finna ákvæði sem er sambærilegt þessum tillögum.

Í athugasemdum frumvarpsdraganna við tillögurnar er að finna eftirfarandi skýringu á tilgangi tillagnanna: „Megintilgangur þessarar heimildar er að kveða á um það í lögum að rafræn og stafræn gögn og tilkynningar séu jafngildar þeim sem berast milli hlutaðeigandi á pappír, án þess þó að leggja bann við notkun pappírs. Ætlunin er ekki að mæla fyrir um breytingu á réttarhari sem slíku heldur að heimila annan afhendingarmáta og form hvers kyns gagna og tilkynninga við málsmeðferð samkvæmt lögum en á pappír. Þannig er lagður grunnur að því að unnt verði að nýta þær tæknilausnir sem nú er völ á í ríkari mæli við meðferð mála samkvæmt lögum, hvort heldur er við meðferð mála hjá sýslumanni eða dómstólum.“

Af hálfu SFF er þessum tillögum fagnað, enda eru þær til þess fallnar að auka skilvirkni í málsmeðferð hjá sýslumönnum og dómstólum. Að mati SFF er þó hætt á að því verði hafnað að heimildin til að miðla gagni á rafrænu eða stafrænu formi sé fyrir hendi þar sem talið verði að vafi leiki á uppruna þess eða frá hverjum það stafar. Á sama hátt er mögulegt að sýslumaður eða dómari ákveði í töluverðum mæli að frumrit skuli lagt fram við meðferð máls.

¹ Afrit verður sent Innviðaráðuneytinu til upplýsinga með tölvupósti í ljósi umfjöllunar um rafrænar skuldaviðurkenningar.

Til þess að koma til móts við þetta leggja SFF til að við framangreind ákvæði tillagnanna verði bætt nýjum málslíð sem feli í sér að ***gagn skuli talið jafngilda frumriti ef gagnið hefur verið undirritað með fullgildri rafrænni undirskrift eða innsiglað með fullgildu rafrænu innsigli***, sbr. lög nr. 55/2019 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti. Þetta kæmi jafnframt í veg fyrir að talið yrði að vafi léki á um uppruna gagnsins og frá hverjum það stafar.

Að mati SFF myndi slík viðbót auka líkur á að markmið tillagnanna nái fram að ganga. Notkun rafrænna samninga og annarra skjala, sem eru undirritað með fullgildri rafrænni undirskrift er í miklum vexti hér á landi. Fullgild rafræn undirskrift og fullgilt rafrænt innsigli á rafræn gögn styðst við þekktar og öruggar tæknilausnir hér á landi og byggir á traustu regluverki, þ.e. lögum nr. 55/2019 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti. Í frumvarpsdrögnum er einmitt vísað til þessara laga og tekið fram að frumvarpinu sé ætlað að styðja við þau lög. Að mati SFF er mikilvægt að fjalla nánar um það í frumvarpinu hvernig lög nr. 55/2019 geta stutt við framþróun og innleiðingu stafrænnar málsmeðferðar. Lögin veittu lagagildi hér á landi reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. [910/2014](#) frá 23. júlí 2014 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti á innri markaðinum (eIDAS).

Í lögnum og eIDAS er að finna skilgreiningar á fullgildri rafrænni undirskrift og fullgildu rafrænu innsigli. Í 3. gr. eIDAS er fullgild rafræn undirskrift skilgreind sem útfærð rafræn undirskrift sem er mynduð með fullgildum rafrænum undirskriftarbúnaði og studd fullgildu vottorði fyrir rafrænar undirskriftir. Í 25. gr. eIDAS kemur fram að fullgild rafræn undirskrift skal hafa sömu réttaráhrif og eiginhandarundirskrift, og að ekki skal hafna því að rafræn undirskrift fái réttaráhrif og sé viðurkennd sem sönnunargagn í málarekstri einungis af þeirri ástæðu að hún er á rafrænu formi. Í 3. gr. eIDAS er fullgilt rafrænt innsigli skilgreint sem útfært rafrænt innsigli sem er myndað með fullgildum, rafrænum innsiglisbúnaði og stutt fullgildu vottorði fyrir rafrænt innsigli. Þá kemur fram í 35. gr. eIDAS að gengið skuli út frá heilleika gagna og því að uppruni gagna, sem fullgilt rafrænt innsigli tengist, sé réttur og að ekki skal hafna því að rafrænt innsigli fái réttaráhrif og sé viðurkennt sem sönnunargagn í málarekstri einungis af þeirri ástæðu að það er á rafrænu formi. Við móttöku slíkra skjala getur sýslumaður eða dómari nýtt viðurkenndan tæknibúnað til að afla staðfestingar á rafrænni auðkenningu sem og uppruna og heilleika gagna á rafrænu formi, sbr. ákvæði laga nr. 55/2019 og eIDAS.

Þegar um er að ræða gagn sem hefur verið undirritað með rafrænni undirskrift er slíkt gagn einungis á rafrænu eða stafrænu formi. Því er ekki til neitt „frumrit“ þess gagns í hefðbundnum skilningi, þ.e. pappírsfrumrit. Eingöngu er til rafrænt eða stafrænt form gagnsins. Þannig er miðlun „frumrits“ slíks gagns, með hefðbundinni aðferð, ekki möguleg. Þess í stað fer miðlun slíks gagns fram í gegnum tæknibúnað sem tryggir og staðreynir uppruna og heilleika gagnsins fyrir bæði sendanda og móttakanda gagnsins. ***Mikilvægt er að frumvarpið taki tillit til þessa með því að kveða á um það í lagatextanum að rafræn gögn sem undirritað hafa verið með fullgildri rafrænni undirskrift eða innsigluð með fullgildu rafrænu innsigli skuli ávallt teljast jafngilda frumriti í skilningi viðkomandi laga.***

SFF leggja því til að við umræddar tillögur í greinum 1, 3, 22, 38 og 51 í frumvarpinu verði bætt við nýjum málslíð, svohljóðandi: „***Gagn samkvæmt framangreindu skal talið jafngilda frumriti ef gagnið hefur verið undirritað með fullgildri rafrænni undirskrift eða innsiglað með fullgildu***

rafrænu innsigli, sbr. lög nr. 55/2019 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti.“

Jafnframt er bent á að til greina kemur að gera sambærilega breytingu á 1. tölul. a-liðar 1. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Mikilvægt er að hafa ofangreint í huga þannig að frumvarpið nái fram **fullum tilgangi** og þeirri **skilvirkni** sem því er ætlað.

Þá er sérstaklega tekið fram í athugasemdum við frumvarpið að ekki séu lagðar til breytingar á afhendingarmáta gagna sem stafa frá einkaaðilum, svo sem greiðsluáskorana og ekki sé gert ráð fyrir því að einkaaðilar geti sent eða birt gögn í gegnum stafrænt pósthólf. Að mati SFF gilda sömu sjónarmið um hagkvæmni afhendingu slíkra gagna í gegnum stafrænt pósthólf hvort sem sendandi sé opinber- eða einkaaðili. Í öllu fall er þó sérstaklega aðkallandi þörf á að mæla fyrir um birtingarmáta greiðsluáskorana sem hafi gildi gagnvart aðilum sem eru t.d. óstaðfestir í hús eða með óþekkt heimilisfang erlendis. **Ætla má að birting greiðsluáskorunar í stafrænu pósthólfi geti náð til slíkra aðila og leggja SFF til að tekið verði til skoðunar að leggja til nauðsynlegar breytingar með þessu frumvarpi á mögulegum afhendingarmáta gagna sem stafa frá einkaaðilum, þannig að þeim verði gert kleift að birta t.d. greiðsluáskoranir í gegnum stafrænt pósthólf.**

Ef einkaaðilum verður ekki heimiluð slík rafræn birting leggja SFF til að mælt verði fyrir um annan möguleika til birtinga greiðsluáskorana fyrir aðilum sem eru með óþekkt heimilisfang, þannig að í slíkum tilvikum verði heimilt að birta greiðsluáskorun í Lögbirtingablaði, enda er sá birtingarháttur þegar mögulegur varðandi birtingar á stefnum í einkamálum sbr. 83. gr. laga um meðferð einkamála.

Hægt væri að koma að slíkri breytingu í 4. og 52. gr. fyrirbyggjandi frumvarps með eftirfarandi hætti:

- 4. gr. orðin „eða símskeyti“ í 1. ml. 2. mgr. 7. gr. laganna falla brott en við bætist „eða birt í Lögbirtingablaði ef gerðarþoli er óstaðsettur í hús eða ekki með þekkt heimilisfang á Íslandi.“
1. ml. 2. mgr. 7. gr. hljóðar því svo: „*Greiðsluáskorun skal send gerðarþola með ábyrgðarbréfi, birt honum af einum stefnuvotti eða birt í lögbirtingablaði ef gerðarþoli er óstaðsettur í hús eða ekki með þekkt heimilisfang á Íslandi.*“
- 52. gr. Orðin „eða símskeyti“ í 1. ml. 2. mgr. 9. gr. laganna falla brott en við bætist „eða birt í lögbirtingablaði ef gerðarþoli er óstaðsettur í hús eða ekki með þekkt heimilisfang á Íslandi.“
1. ml. 2. mgr. 9. gr. hljóðar því svo: „*Greiðsluáskorun skal send gerðarþola með ábyrgðarbréfi, birt honum af einum stefnuvotti eða birt í lögbirtingablaði ef gerðarþoli er óstaðsettur í hús eða ekki með þekkt heimilisfang á Íslandi.*“

II. Rafrænar skuldaviðurkenningar – brýnt að vinna að lausn

SFF benda jafnframt á mikilvægt tækifæri að umbótum sem hægt er að vinna samhliða frumvarpi því sem hér er til umfjöllunar og miða í átt að frekari hagræðingu, skilvirkni, lækkun kostnaðar og betri þjónustu við almenning og fyrirtækin í landinu.

SFF hafa áður, eða allt frá 2016 og þar til nú (sjá m.a. umsögn frá því [í janúar 2025](#)) bent á að verkefnið um **rafrænar þinglýsingar** hafi ekki verið fullklárað þannig að það nái *fram hagræðingu og þeim markmiðum sem stefnt var að*.

Rafrænar þinglýsingar urðu að veruleika hér á landi á árinu 2020², frá þeim tíma hafa verið uppi áform um að taka frekari skref í átt að fullri rafvæðingu veðlána og minnkun notkun á pappírssjöllum. Þau áform voru langt komin og var frumvarp þess efnis lagt fram á Alþingi þann 3. apríl 2023, 980. mál á 153. löggjafarþingi. Með frumvarpinu var lagður grunnur að setningu nýrra heildarlaga um rafrænar skuldaviðurkenningar, sem yrði þá nýtt lánaform, sem ætlað er að veita sambærilegt réttarfarslegt hagræði og skuldabréf. Rafrænum skuldaviðurkenningum er nánar tiltekið ætlað að styðja við rafræna lánaumsýslu og þinglýsingu, auk þess að stuðla að skilvirkni og einföldun viðskipta m.a. neytendum til hagsbóta. Gert var ráð fyrir því að ný lög myndu stuðla að talsverðum þjóðhagslegum sparnaði og hagræði fyrir opinbera aðila, fyrirtæki og einstaklinga. Frumvarpið fór í gegnum 1. umræðu og gekk svo til efnahags- og viðskiptanefndar, en ekki náðist að ljúka meðferð málsins fyrir þinglok. Í janúar 2025 hvöttu SFF stjórnvöld til að beita sér fyrir því að frumvarpið verði að lögum sem fyrst (sbr. tilvísun í neðanmálsgrein). SFF hefur nú í lok sumars og nú í umsögn þessari fylgt þessu erindi eftir, enda miklir hagsmunir í húfi við að klára þetta mál.

Dráttur á umræddum lagabreytingum hefur haft ýmislegt óhagræði í för með sér. Sem dæmi; það hefur leitt til þess að nú búa lánveitendur og lántakar við tvöfalt kerfi þ.e. að *undirrita þarf skuldabréf á pappír* með gamla laginu til þess að lánveitandi geti notið hefðbundins lagalegs hagræðis sem tíðkast vegna skuldabréfa (bein aðfararheimild, bein uppboðsheimild o.fl.) þrátt fyrir að þinglýsingin fari fram með rafrænum hætti. Með öðrum orðum þá þurfa lántakar að ferðast á milli staða til að undirrita pappírsskjöl hjá sínum lánveitanda; Lántakendur þurfa að panta tíma hjá sínum lánveitanda, bíða eftir tíma, keyra á milli staða og mæta með pappír sem er undirritaður með bleki. Það skýtur skökku við að rafræn stjórnsýsla styðji ekki við lántaka og lánveitendur, sem hafa boðið upp á rafrænar lausnir í lengri tíma. **Til þess að tilganginum sé náð þarf að vera hægt að klára ferlið frá upphafi til enda rafrænt.**

Ávinningur af því að klára þetta verkefni eru m.a.:

- **Aukið hagræði fyrir neytendur/lántakendur:** Sparnaður og hagræðing. Rafræn stjórnsýsla og rafrænar lausnir lánveitanda ná ekki fram að ganga til fulls nema þetta skref sé stigið.
- **Stytting biðtíma:** Ferlar verða skilvirkari, pappírshotkun minnkar, færri ferðir þurfa að eiga sér stað með minna kolefnisspori og þjóðhagslegur kostnaður verður minni.
- **Hættan á afturför:** Ávinningur sem þegar hefur náðst með rafrænum þinglýsingum getur gengið til baka ef ekki er hægt að ljúka lánaviðskiptum rafrænt. Neytendur kalla eftir breytingum og telja mikið óhagræði að geta ekki klárað lánveitingar frá upphafi til enda með rafrænum hætti.

² Sbr. heimild í lögum nr. 151/2018 sem samþykkt voru á Alþingi 21. desember 2018.

- **Réttaröryggi:** Rafræn skuldaviðurkenning getur veitt sambærilegt réttarfarshagræði og skuldabréf.
- **Traust og samfella:** Skortur á rafrænni heildarlausn getur grafið undan trausti og dregið úr trúverðugleika í rafrænni stjórnsýslu og einkaaðilar dragast aftur úr þar sem ekki er hægt að ljúka ferlinu hjá sínum lántaka fyllilega rafrænt.

SFF er mikið í mun að þessi vandi verði leystur sem fyrst og telur því rétt að leggja til annan kost, en lög um rafrænar skuldaviðurkenningar, sem mögulegt er að fara til þess að ná sama markmiði – þ.e. að **hægt sé að ljúka lántökufjerli að öllu leyti með rafrænum hætti**.

SFF sér þann möguleika að hægt sé að leysa umrætt vandamál með því að leggja til frekari breytingar með frumvarpi því sem hér er til umsagnar. Fyrirmynd af þeirri aðferð sem SFF liggur fyrir í fyrri fordæmum löggjafans í [lögum um fjárstuðning til minni rekstraraðila vegna heimsfaraldurs vegna kórónuveiru](#) (14. gr.)³ [lög um stuðningslán til rekstraraðila í Grindavíkurbæ vegna jarðhræringa á Reykjanesskaga](#) (8. gr.)⁴ Ekki er annað að sjá en að sú framkvæmd hafi reynst vel.

Það sem SFF leggja til eru breytingar á eftirfarandi lögum – og þá að haft sé hliðsjón af nefndum fordæmum:⁵

- **Lög um aðför nr. 90/1989:**
 - o Breyta þarf 2. mgr. 10. sem gerir ráð fyrir að frumrit skuli fylgja aðfararbeiðni, þannig að tryggt sé að frumritið geti verið rafrænt undirritað skjal.
 - o Breyta þarf 7. tölul. 1. mgr. 1. gr. laganna þannig að hún útiloki ekki pappír, t.d. í samræmi við eldri tillögur:
 - *Við 7. tölulið 1. mgr. 1. gr. laga um aðför nr. 90/1989 bætist eftirfarandi á eftir orðunum „þar sem“: skuldari hefur undirritað með fullgildri rafrænni undirskrift, eða.*
- **Lög um nauðungarsölu nr. 90/1989:**
 - o Ákvæði um framvísun frumrita taki einnig til gagna á rafrænu formi – staðfest með fullgildri rafrænni undirskrift eða fullgildu rafrænu innsigli. 11. og 15. gr. laganna.
- **Þinglýsingalög nr. 39/1978:**
 - o Tillagan í eldri frumvarpi vegna rafrænna skuldaviðurkenninga getur átt við að mestu en þannig að hún sé endurorðuð með þeim hætti að hún geti átt við um skuldabréf.

³ **14. gr. Rafræn skuldabréf, rafræn undirritun og frumrit.**

Skuldabréf vegna stuðningsláns geta verið rafræn og skulu þau þá undirrituð með fullgildri rafrænni undirskrift samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 910/2014 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti á innri markaðinum og um niðurfellingu á tilskipun 1999/93/EB, sbr. [lög um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti, nr. 55/2019](#). Hafi skuldabréf skv. 1. mgr. verið undirritað með fullgildri rafrænni undirskrift skal ekki gera kröfu um vottun á undirskrift og fjárræði þeirra sem undirrita og á dagsetningu undirritunar.

Rafrænt skuldabréf vegna stuðningsláns sem undirritað hefur verið með fullgildri rafrænni undirskrift skal teljast uppfylla áskilnað í öðrum lögum um frumrit skuldabréfs. Þá skal rafræn móttaka slíks rafræns skuldabréfs teljast uppfylla áskilnað í öðrum lögum um framlagningu frumrits skuldabréfs. Þetta á við þrátt fyrir 2. málsl. 1. mgr. [37. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993](#).

⁴ **8. gr. Rafræn skuldabréf.**

Rafrænt skuldabréf vegna stuðningsláns sem undirritað hefur verið með fullgildri rafrænni undirskrift skal teljast uppfylla áskilnað í öðrum lögum um frumrit skuldabréfs. Þá skal rafræn móttaka slíks skuldabréfs teljast uppfylla áskilnað í öðrum lögum um framlagningu frumrits skuldabréfs.

⁵ Ekki er hér fullt um að um tæmandi talningu sé að ræða og geta því verið fleiri lagabálkar sem þarf að gera umbætur á.



- Á eftir 5. gr. laganna er lagt til að komi ný grein, 5. gr. a, svohljóðandi:
 - Hugtakið skjal í lögum þessum tekur bæði til skjala á pappírsformi og rafrænu formi. Ekkert ákvæða laga þessara skal standa í vegi fyrir þinglýsingu skjals af þeirri einu ástæðu að það sé á rafrænu formi, en um heimild til þinglýsingar rafrænna skjala og tilhögun slíkrar þinglýsingar fer eftir nánari fyrirmælum í reglugerð sem ráðherra setur. Áskilnaður í öðrum lögum eða í samningum um að löggerningur sé skriflegur skal heldur ekki standa í vegi fyrir því að rafrænu skjali sé þinglýst nema það sé skilyrði fyrir gildi löggernings að hann sé á pappírsformi.
 - Skjal með fullgildri rafrænni undirskrift telst uppfylla skilyrði um undirritun og vottun skjals samkvæmt ákvæðum laga þessara.
 - Þegar lög þessi áskilja að skjal skuli vera í frumriti eða afhent í fleiri en einu eintaki skal skjal á rafrænu formi talið fullnægja slíkum áskilnaði ef það uppfyllir kröfur sem tryggja uppruna og heilleika skjals eftir því sem nánar er ákveðið í reglugerð skv. 6. mgr.
 - Áskilnaði um áritun þinglýsingarstjóra á skjal í ákvæðum laga þessara má fullnægja með rafrænni áritun eða færslu ef skjal er á rafrænu formi.
 - Þinglýsa má rafrænum skjölum, þ.m.t. rafrænum skuldaviðurkenningum. (*hér mætti breyta í „rafrænum skuldabréfum“*)
 - Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd þessa ákvæðis í reglugerð, svo og framkvæmd þinglýsinga og aflýsinga á rafrænum skjölum að öðru leyti.
- **Lög um sértryggð skuldabréf nr. 11/2008:**
 - Skilgreining á skuldabréfi – „skrifleg“ – þarf að taka á því að það geti líka verið rafrænt – skriflegt feli ekki í sér að það sé á pappír, heldur að það sé ekki munnlegt heldur „ritað“.
 - Skilyrði um áritanir skv. 13. gr.– leggja til að gera undanþágu eða sérákvæði um að áritun á frumrit eigi við um skuldabréf á pappír – þegar skuldabréf séu rafræn skuli skrá veðsetninguna í „réttindagátt“ eða þinglýsingabók.
- **Stjórnsýslulög nr. 37/1993:**
 - IX. Kafli um rafræna meðferð stjórnsýslumála.
 - 37. gr. um frumrit og afrit. Taka út undanþágu um viðskiptabréf eða vísa til þess að undantekningin eigi við um skjöl/gögn sem eru að stofni til á pappír. Að öðru leyti skuli gögn á rafrænu formi fullnægja áskilnaði laga, almennra stjórnvaldsfyrirmæla eða venja að skjal skuli vera í frumriti.
- **Lög um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu nr. 30/2002:**
 - Mætti e.t.v. fella niður 3. mgr. 8. gr. að öllu leyti um undanþágur, þ.e. að samningar á sviði sifja- og erfðaréttar eigi að geta verði rafrænir og það er þá í samræmi við þetta frumvarp.

- Fella niður takmarkanir á því að stimpilskyldir samninga og samninga sem stofni eða yfirfæri rétt yfir fasteignum, þ.e. að afsöl og veðsamningar séu ekki undanþegnir almennu viðmiði laganna að rafrænir samningar jafngildi skriflegum, tillaga:
 - Í 3. mgr. 8. gr. laga um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu nr. 30/2002 falla niður orðin „stimpilskylda samninga og samninga sem stofna eða yfirfæra rétt yfir fasteignum, nema þegar um leigurétt er að ræða.
- **Lög um meðferð einkamála 91/1991:**
 - Bæta við í 17. kafla laganna að hún nái einnig til rafrænna skuldabréfa.
 - Bæta við tilvísun að áskilnaður um frumrit nái til rafrænna skjala þegar samningur eða skuldabréf sé gefinn út með rafrænum hætti. Má nota tilvísun í að sannreynt sé að skjalið sé undirritað með fullgildri rafrænni undirritun.
- **Tilskipun um áritanir á skuldabréf, frá 9. febrúar 1798:**
 - Að mati SFF kemur til greina að fella tilskipunina úr gildi í heild sinni.
 - Ef ekki mætti tilgreina almennt í öðrum lögum að þegar um rafræn skuldabréf sé að ræða megi þinglýsa/eða skrá breytingar eða framsöl hjá skráningaraðila, í stað áritunar á frumrit skv. tilskipuninni, svo sem með skráningu í þinglýsingakerfi.
- **Lög um samningsveð nr. 75/1997:**
 - Gera má breytingu á 1. tölul. 38. gr. laganna þar sem gerð er krafa um skriflegan samning um söluveð og tilgreina að rafrænir samningar jafngildi skriflegum, t.d. með því að tilgreina að skriflegur samningur geti verið á pappír eða á rafrænu formi. Svo með eftirfarandi hætti: „*Það er skilyrði fyrir réttarvernd samnings um söluveð að samningurinn sé gerður skriflega, á pappír eða á rafrænu formi, og í síðasta lagi samtímis afhendingu söluhlutarins til kaupanda.*“ (tillaga að viðbót er undirstrikuð).

SFF eru tilbúin til að koma að frekari vinnu og tillögum hvað þetta varðar verði eftir því óskað.

Til að taka af allan vafa þá yrði SFF áfram fylgjandi frumvarpi um rafrænar skuldaviðurkenningar, frumvarp þess efnis er þó ekki að finna í nýrri þingmálaskrá ríkisstjórnarinnar og telja samtökin málið afar brýnt og nauðsynlegt að fundin verði lausn. Ítreka samtökin því að tillagan sem nú hefur verið lögð fram er í þeim tilgangi að styðja **efni, umfram form, að sömu markmiðum**. Samtökin telja því rétt að benda á þetta tækifæri sem yrði mikið framfaraskref í rafrænni stjórnsýslu, fyrir lánataka, lánþega og til að liðka og einfalda viðskipti heimila og fyrirtækja hérlandis.

SFF hafa bent á það að samhliða hagræðingu í ríkisrekstri er nauðsyn að stilla lagaumhverfi og tæknilegum lausnum í rafrænni stjórnsýslu upp með það í huga að það nýtist ekki eingöngu ríkisstofnunum heldur einnig einstaklingum og fyrirtækjum til sparnaðar í sínum rekstri, hvort sem að það eru heimili eða í atvinnurekstri.

SFF eru fús til samstarfs og liðsinnis hvenær sem eftir því verður leitað og þá ekki hvað síst ef ráðuneytið vill eiga frekari samtal um þær tillögur sem hér hafa verið lagðar fram um að taka fleiri þætti inn í afgreiðslu þess máls sem hér liggur fyrir.

Að lokum styðja SFF að allar þær lagalegu umbætur sem hér eru nefndar, verði kláraðar sem fyrst, þannig að þjóðhagslegur ávinningur verði sem mestur.

**Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka fyrirtækja í fjármálaþjónustu,**

Íris Björk Hreinsdóttir, yfirlögfræðingur SFF